

Föstudaginn 7. apríl 1967.

Nr. 253/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Kjartani Friðrikssyni

(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi getur, var Laugateigur lokaður fyrir bifreiðaumferð til austurs við gatnamót hans og Gullteigs. Er þetta og staðfest með bréfi gatnamálastjórans í Reykjavík, dags. 22. júní 1966, en þar segir m. a., að „Kirkjuteigur, Hofteigur og Laugateigur voru lokaðir fyrir umferð á milli Reykjavegar og Gullteigs á tímabili s.l. sumar og haust ...

Þvergötur Reykjavegar lokuðust alveg af skurðgreftinum við Reykjaveg, en við Gullteig var þeim lokað með búkkum og vegavinnuskiltum A 9 með undirskriftinni „Lokað“. Er íbúum og öðrum, sem erindi eiga í götuna, almennt leyft að aka fram hjá slíkum skiltum“.

Ökumanni bifreiðarinnar R 5141, Gylfa Pálssyni, var kunnugt um, að Laugateigur var lokaður fyrir bifreiðaumferð, eins og að framan greinir. Bar honum því að viðhafa sérstaka gát og aka mjög hægt, er hann ók inn á gatnamót Gullteigs og Laugateigs, en hann varð ekki var bifreiðarinnar R 1325 fyrr en rétt í þann mund, að árekstur varð milli bifreiðanna, en hvernig sem akstri Gylfa var háttað, þykir ljóst, að ákærði gætti ekki þeirrar varúðar, sem honum bar.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Kjartan Friðriksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. október 1966.

Ár 1966, fimmtudaginn 6. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinsyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 489/1966: Ákærvaldið gegn Kjartani Friðrikssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 18. marz 1966, höfðað á hendur Kjartani Friðrikssyni iðnverkamanni, Kirkjuteigi 18 í Reykjavík, fæddum 20. janúar 1913 þar í borg, fyrir að aka mánu­daginn 23. ágúst 1965 um kl. 1300 bifreiðinni R 1325 suður Gull­teig í Reykjavík án þess að gæta nægilegrar varúðar, þegar ákærði ók fram hjá gatnamótum þeirrar götu og Laugateigs, með þeim afleiðingum, að bifreiðinni R 5141, sem kom akandi norður Lauga­teig, ákærða á vinstri hönd, var ekið á bifreið ákærða, og skemmdust báðar bifreiðarnar nokkuð.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

1935 4/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1949 30/9 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á auglýsingu fjárhagsráðs.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 23. ágúst 1965 klukkan 1303 var lögreglu tilkynnt, að árekstur hefði orðið skömmu fyrr á gatnamótum Gullteigs og Laugateigs hér í borg. Lögreglan fór á staðinn, en þar hafði

ákærði ekið bifreiðinni R 1325 suðvestur Gullteig, en vitnið Gylfi Pálsson bifreiðinni R 5141 norðvestur Laugateig. Eignatjón varð lítið á bifreið ákærða, en nokkurt á hinni bifreiðinni.

Ákærði kvaðst ekki hafa ekið hratt um gatnamótin. Hann sagðist ekki hafa veitt hinni bifreiðinni neina athygli, fyrr en árekstur varð. Ákærði sagði, að Laugateigur hefði verið lokaður fyrir almennt umferð með búkka, sem á var áletrunin: „Lokað“.

Vitnið Gylfi Pálsson kvaðst hafa ekið á lítilli ferð og á réttum vegarhelmingi, er að gatnamótunum kom. Var vitnið að koma frá heimili sínu að Laugateigi 50. Þegar vitnið kom að gatnamótum Gullteigs, kvaðst það hafa lítið eftir umferð, en ekki séð bifreiðina R 1325, fyrr en hún skauzt frá hægri á mikilli ferð í veg fyrir bifreið vitnisins. Vitnið sagðist hafa hemlað samstundis, en hinni bifreiðinni verið ekið um 100 metra áfram eftir Gullteigi. Gaf ákærði þá skýringu, að honum hefði brugðið við áreksturinn og í ógáti stigið á benzingjöf.

Enda þótt innakstur hafi verið bannaður í Laugateig við nefnd gatnamót, gat ákærði ekki gengið út frá því sem vísu, að gatan væri lokað hinum megin frá né fyrir þeim, sem í henni bjuggu. Hann virðist enga athygli hafa veitt þeirri umferð, sem kom honum á vinstri hönd, sem honum bar þó sérstaklega að gera. Er háttsemi ákærða rétt lýst í ákæru og varðar við refsíákvæði þau, sem þar greinir. Þykir refsing hans eftir atvikum, en ákærði neitaði að ljúka málinu með dómssátt, hæfilega ákveðin 2.000.00 króna sekt í ríkissjóð, en vararefsing varðhald í 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kjartan Friðriksson, greiði 2.000.00 króna sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Einarssonar héraðsdómslögmanns, krónur 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.